

Alþingi
Erindi nr. Þ 130/219
komudagur 20.11.2003



**VERSLUNARRÁÐ
ÍSLANDS**

ICELAND CHAMBER
OF COMMERCE
Stofnað 1917

SAMTÖK
VIÐSKIPTALÍFSINS


Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd
b/t Ágúst's Geirs Ágústssonar, nefndarritara
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Reykjavík, 18. nóvember 2003

Efni: Till. til þingsál. um sérstakan skattafslátt v/ barna (23. mál).

Verslunarráð Íslands þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreinda þingsályktunartillögu. Tillagan felur í sér skattafslátt sem allir foreldrar eða foráðamenn barna til 16 ára aldurs eigi að fá, óháð efnahag. Hér er því um að ræða aukinn persónuafslátt annars vegar og styrk hins vegar. Ekkert er minnst á hversu hár skattafslátturinn eigi að vera og engin áætlun um kostnað fylgir tillögunni, eins og Verslunarráð hefði talið eðlilegt að gerði. Í greinargerð er talin upp ýmis konar gjaldtaka og sagt að hún eigi í raun að vera ókeypis án þess að það sé rökstutt frekar og án þess að fjallað sé um hverjir berir endanlega kostnaðinn. Verslunarráð hefur margoft bent á slæmar afleiðingar þess að byggja upp skattkerfi sem mismunar skattgreiðendum. Ráðið telur tillögu þessa til þess fallna að flækja skattkerfið enn frekar en tillögur ráðsins hafa ætíð verið á þá leið að skattkerfið verði einfaldað. Verslunarráð leggst gegn þingsályktunartillögu þessari.

Virðingarfyllst,
f.h. Verslunarráðs Íslands,


Sigríður Ármann

Póstáritun:
Verslunarráð Íslands
Húsi verslunarinnar
Kringlan 7
103 Reykjavík

Sími: 510 7100
Bréfsími: 568 6564
Netfang: mottaka@chamber.is
Website: www.chamber.is